



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. febrúar 2007

Umsögn um frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð, 395. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar og Samtök iðnaðarins hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og lýsa sig í meginatriðum samþykk efni þess.

Samtökin vilja þó gera tvær athugasemdir við frumvarp um Vatnajökulsþjóðgarð.

1. Athugasemd við stjórnskipan þjóðgarðsins. Í henni er ekki tekið nægjanlegt tillit til ferðaþjónustunnar á landsvísu. Gert er ráð fyrir að fulltrúar staðbundinna ferðamálasamtaka komi í stjórnin svæðisráða en í stjórninni er ekki tryggt að neinn aðili sitji sem hefur heildaryfirsýn um stöðu og þróun ferðaþjónustunnar á landsvísu.

Til að þau sjónarmið komist til skila við stjórnun og rekstur þjóðgarðsins er lagt til að Samtök ferðaþjónustunnar fái fulltrúa í stjórn.

2. Samtökin hvetja til þess að öll starfsemi þjóðgarðsins verði sem mest í höndum einkaaðila hvort sem um er að ræða þjóðgarðsvörslu, rannsóknir, umsýslu eða uppbyggingu. Möguleikar á að fela einkaaðilum slík verkefni í verktöku hafa vaxið mikið á undanförunum árum og sjálfsagt að nýta þau sem kostur er. Stjórn þjóðgarðsins og svæðisstjórnir hafa eftir sem áður umsjón með öllum garðinum og verkefnið verði skilgreind af þeim en framkvæmdin í höndum einkaaðila sem til þess hafa getu og færni samkvæmt skilmálum. Fyrirkomulag þetta gæti einnig náð til fleiri þátta þjónustu en nú er og skapað nýjungar og atvinnutækifæri. Samtökin vilja benda á að slíkt rekstrarform geti hentað ágætlega auk þess sem það sé ákveðin misræmi í að sama stofnun skuli annast rekstur þjóðgarða í dag og eftirlit með að vernd þeirra sé í samræmi við lög. Eðlilegra er að þetta sé aðskilið þannig að eftirlitsaðili geti sinnt sínu hlutverki á lögbundinn hátt og rekstraraðili sé ekki takmarkaður í sínum rekstri af sjónarmiðum verndunar umfram það sem lög mæla fyrir.

Með aðskilnaði rekstrar og verndunar myndi gefast aukin færi á að reka arðbæra ferðaþjónustu í og í tengslum við þjóðarðanna. Slíkt fyrirkomulag myndi eflaust einnig gefa færi á aukinn kostun styrktaraðila við afmörkið verkefni og mætti hugsa sér fyrirtæki taka hluta af garðinum í fóstur.

Virðingarfyllst ,

F.h Samtaka atvinnulífsins



Pétur Reimarsson

F.h Samtaka ferðaþjónustunnar



Þorleifur Þór Jónsson

F.h Samtaka iðnaðarins



Bryndís Skúladóttir